



## Fundargerð

Fundur í fjallskilanefnd Reykhólahrepps  
miðvikudaginn 21. ágúst 2013 kl. 13

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Leitardagar í Reykhólahreppi 2013.

*Farið yfir leitardaga og þeir samþykktir. Lagt er til að leitað verði til Vesturbyggðar með skipulagningu og mönnun leitar frá Kjálkafirði inn í Skálmardal. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fjallskilaseðill.

*Nefndin fór yfir búfjártölur og dagsverk vegna fjallskila 2013. Haft var samband við Daníel Jónsson og staðfestar fjártölur vegna leitarseðils. Fjallskilaseðill sveitarfélagsins settur saman og samþykktur af nefndinni, er honum vísað til afgreiðslu í hreppsnefnd.*

### Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið 15.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____